

Borgarráð

Svar borgarlögmanns við fyrirspurn um ábyrgð borgarstjóra á Orkuveitu Reykjavíkur, Veitum og heilbrigðisnefnd.

Á fundi borgarráðs 20. júlí sl., lögðu borgarráðsfulltrúar Framsóknar og flugvallarvina fram eftirfarandi fyrirspurn:

Í skýrslu úttektarnefndar borgarstjórnar á stjórnkerfi og stjórnsýslu Reykjavíkurborgar sem gerð var 2013 kemur ítrekað fram að borgarstjóri sé æðsti embættismaður borgarinnar. Ein af stjórnsýslustofnunum Reykjavíkurborgar er heilbrigðisnefnd Reykjavíkur. Í eigendastefnu OR kemur m.a. fram að með skýrri eigendastefnu sé leitast við að skýra hlutverk og ábyrgð eigendanna og tryggja þátttöku þeirra í ákvörðun um mikilvæg málefni og stefnu og þannig eigi eigendastefnan að tryggja lýðræðislega, gagnsæja, faglega og skilvirka stjórnun fyrirtækisins. Óskað er eftir álit borgarlögmanns og innri endurskoðanda á því hvort að a) eigendastefna OR firri borgarstjóra að einhverju leyti ábyrgð sína á vanrækslu og því tjóni sem bilun í skólpdælistöðinni við Faxaskjól hefur valdið, b) hefur það áhrif að Veitur er dótturfélag OR og c) ber borgarstjóri ekki ábyrgð á heilbrigðisnefnd Reykjavíkur?

Svar:

- a) Orkuveita Reykjavíkur er sameignarfyrirtæki sem um gilda sérstök lög nr. 136/2013 um Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrirtækið er sjálfstæður lögaðili með sjálfstæðan fjárhag og reikningshald og sjálfstæða skattaðild skv. 1. gr. laganna og lýtur boðvaldi sérstakrar stjórnar sem skipuð er fulltrúum eigenda skv. 5. gr. laga nr. 136/2013 og 8. gr. sameignarsamnings um Orkuveitu Reykjavíkur, dags. 25. apríl 2014. Borgarstjóri Reykjavíkur situr ekki í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur og gegnir ekki yfirmannsstöðu innan fyrirtækisins. Borgarstjóri Reykjavíkur er því ekki stjórnandi í Orkuveitu Reykjavíkur og hefur engar stjórnunarheimildir í fyrirtækinu, s.s. gagnvart starfsmönnum þess. Ákvarðanir, athafnir eða athafnaleyfi fyrirtækisins er því á ábyrgð sjálfstæðra stjórna og stjórnenda fyrirtækisins en ekki æðstu embættismanna sveitarstjórna eigenda Orkuveitu Reykjavíkur. Verður ekki séð að eigendastefna Orkuveitu Reykjavíkur leiði til annarrar niðurstöðu en leiða má af lögum nr. 136/2013 og sameignarsamningi um Orkuveitu Reykjavíkur. Samkvæmt 8. gr. eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur þurfa aðeins óvenjulegar og stefnumarkandi ákvarðanir, nýjar skuldbindingar fyrirtækisins sem fara yfir 5% af bókfærðu eigin fé þess og áform um virkjanir eða aðra nýtingu auðlinda, að hljóta samþykki eigenda. Af eigendastefnu Orkuveitu Reykjavíkur verður því ekki leidd ábyrgð borgarstjóra á tjóni sem bilun í skólpdælistöðinni við Faxaskjól kann að hafa

valdið eða hugsanlegri vanrækslu fyrirtækisins í tengslum við það.

- b) Veitur ohf. er opinbert hlutafélag og er dótturfélag Orkuveitu Reykjavíkur. Fyrirtækið er sjálfstæður lögaðili og lýtur boðvaldi sérstakrar stjórnar sem skipuð er á aðalfundi félagsins skv. 14. gr. samþykktar Veitna ohf. Borgarstjóri Reykjavíkur situr ekki í stjórn Veitna hf. og gegnir ekki yfirmannsstöðu innan fyrirtækisins. Borgarstjóri er þannig ekki stjórnandi í félaginu og hefur þar af leiðandi engar stjórnunarheimildir innan þess. Ákvarðanir, athafnir eða athafnaleyfi fyrirtækisins er því á ábyrgð sjálfstæðra stjórna og stjórnenda fyrirtækisins.
- c) Heilbrigðisnefnd Reykjavíkurborgar starfar á vegum borgarstjórnar skv. 1. mgr. 45. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp borgarstjórnar nr. 715/2013 og er því á ábyrgð borgarstjórnar en ekki borgarstjóra. Samkvæmt 49. gr. laga nr. 7/1998 eru heilbrigðisfulltrúar ráðnir af heilbrigðisnefndum og starfa í umboði heilbrigðisnefndar. Heilbrigðisfulltrúar eru sjálfstæðir í starfi og bera einvörðungu ábyrgð gagnvart viðkomandi heilbrigðisnefnd. Borgarstjóri og aðrir stjórnendur Reykjavíkurborgar hafa því ekki boðvald yfir heilbrigðisfulltrúum þegar kemur að faglegu starfi þeirra.

Niðurlag:

Borgarstjóri Reykjavíkur ber ekki ábyrgð á ákvörðunum, athöfnum eða athafnaleyfi sem rekja má til Orkuveitu Reykjavíkur, Veitna ohf. eða heilbrigðisnefndar Reykjavíkur. Ábyrgð borgarstjóra á framangreindum aðilum getur einungis verið pólitísk sem oddviti meirihlutans í Reykjavík.

Ebba Schram